



Borgarráð

Samstarfsyfirlýsing um EXIT, leið út úr afbrotum

Á fundi velferðarráðs þann 19. mars 2025 voru samþykkt drög að samstarfsyfirlýsingu um EXIT, samráðsvettvang um leið út úr afbrotum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúarnir fagna þeirri vinnu sem hefur átt sér stað í undirbúningsteymi EXIT - leið út úr afbrotum. Markmið EXIT er að draga úr ítrekunartíðni brota með samhæfðum úrræðum og stuðningi við einstaklinga sem hafa framið afbrot. Afbrot hafa djúpstæð áhrif á einstaklinga, fjölskyldur þeirra og samfélagið í heild sinni. Endurkomur einstaklinga í fangelsi vegna ítrekunar afbrota sýna fram á nauðsyn þess að þróa árangursríkar leiðir til að styðja þá sem vilja komast út úr vítahring afbrota. Rannsóknir hafa sýnt að þyngri refsingar duga oft ekki til að draga úr ítrekunartíðni brota. Þvert á móti eru það einstaklingsbundin og samhæfð úrræði sem auka líkurnar á árangursríkri endurhæfingu, félagslegri aðlögun og lífsgæðum, sem að sama skapi stuðla að auknu öryggi í samfélaginu. EXIT verkefnið er svar við þessari áskorun, þar sem unnið er að nýstárlegri nálgun með þverfaglegri samvinnu og samþættingu þjónustu. Þess vegna er það okkur sönn ánægja að velferðarráð skrifi undir þessa samstarfsyfirlýsingu til að stuðla að fækkun afbrota og faglegri og farsældri þjónustu við manneskjur sem þurfa þess.

Fulltrúi Framsóknarflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Framsókn fagnar EXIT-samstarfinu. Brýnt er að samþætta ferla sem taka á móti fólki sem lýkur afplánun. Markmiðið með EXIT-samstarfinu er að meginstefnu að fækka endurkomum í fangelsi sem verður að teljast mikið þjóðþrifamál. Tveir fulltrúar Framsóknar hafa frá upphafi tekið þátt í verkefninu, stutt við það og sótt kynningar á svipuðum verkefnum erlendis sem reynst hafa vel. Verkefnið hefur frá upphafi verið unnið í miklu og góðu samstarfi ólíkra aðila sem koma að málaflokknum en með samvinnu ólíkra aðila aukast líkurnar á að árangur náist í málaflokknum. Það væri því mikið fagnaðarefni ef samstarfið héldi áfram. Framtíðarsýn Framsóknar er að Reykjavíkurborg reyni eftir fremsta megni að mæta þeim sem ljúka afplánun með húsnæðisúrræðum og félagsþjónustu í samstarfi við ríkið. Að lokum er EXIT hópnum þakkað fyrir gott samstarf og sér í lagi Eygló Harðardóttur, hjá embætti ríkislögreglustjóra, fyrir að leiða verkefnið áfram.

Lokadrög að samstarfsyfirlýsingu um EXIT, leið út úr afbrotum liggja nú fyrir.

Samstarfsyfirlýsingin er hér með send borgarráði.





Þess er óskað að skrifstofa borgarstjóra og borgarritara hlutist til um samskipti við embætti ríkislögreglustjóra vegna undirritunar samstarfsyfirlýsingarinnar.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir

sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Samstarfsyfirlýsing um EXIT. leið út úr afbrotum, dags. 25. nóvember 2025.

Minnisblað undirbúningsteymis um EXIT, dags. 24. febrúar 2025.



Reykjavík

Samstarfsyfirlýsing um Exit, samráðsvettvang um leið út úr afbrotum

Við undirrituð lýsum yfir vilja okkar til að vinna saman að Exit, samráðsvettvangs um leið út úr afbrotum. Samstarfið byggist á þeirri sameiginlegu sýn að draga úr ítrekun afbrota, efla samfélagsöryggi og stuðla að heildrænni nálgun á afbrotavarnir, endurhæfingu og félagslega aðlögun.

Markmið okkar er að bjóða upp á einstaklingsmiðaða þjónustu og stuðning sem tekur mið af margþættum þörfum einstaklinga sem hafa brotið af sér, þar á meðal aðstoð við húsnæðisleit, meðferð, félagslega aðstoð, atvinnuráðgjöf og stuðning.

Samstarfið beinist að einstaklingum sem eru líklegir til að fremja eða ítreka afbrot. Þetta felur í sér bæði þá sem hafa verið dæmdir og þá sem hafa sýnt af sér ofbeldishegðun en ekki verið dæmdir.

Fyrirkomulag samstarfsins

Aðilar þessarar samstarfsyfirlýsingar, sem vinna með einum eða öðrum hætti af málefnum einstaklinga sem hún tekur til, stofna hér með samráðsvettvang sem hittist að lágmarki tvisvar sinnum á ári. Á fundum samráðsvettvangs verður farið yfir framgang verkefna og mótaðar áherslur. Þess á milli starfar framkvæmdateymi skipað af samstarfsaðilum.

Framkvæmdateymi munu þróa aðgerðaáætlun fyrir samstarfið með skýrum tímalínum og mælanlegum markmiðum. Ríkislögreglustjóri boðar fundi samráðsvettvangsins og framkvæmdateymis Exit. Þegar þess gerist þörf munu þátttakendur framkvæmdateymis afla sér heimildar frá sínum vinnustað í því skyni að taka þátt í eða hefja ný áhersluverkefni innan ramma aðgerðaáætlunar.

Lykilgildi samstarfsins

- Samstarfsaðilar vinna saman að því að draga úr líkum á ítrekuðum afbrotum.
- Verkefni verða unnin í þverfaglegu samstarfi þar sem sérfræðipækking hvers aðila nýtist.
- Lausnir þurfa að vera sniðnar að aðstæðum og þörfum hvers einstaklings. Einnig verður horft til þess að aðstæður eftir landssvæðum eru mismunandi og þar af leiðandi þurfa úrræðin að vera fjölbreytt.
- Tryggja skal að upplýsingar um einstaklinga í áhættuhópum flæði á milli aðila í samræmi við lög og reglur um persónuvernd.
- Regluleg eftirfylgni verður með þátttakendum til að tryggja áframhaldandi aðstoð.

Verkefnið verður metið reglulega til að greina árangur og laga úrræði eftir þörfum.

Gildistími og undirritun

Samstarfsyfirlýsingin gildir þar til annað er ákveðið. Með rafrænni undirritun samþykkjum við hér með samstarfsyfirlýsingu þessa.

Minnisblað

Dags: mánudagur, 24. febrúar 2025

Málsnúmer: 2024020200

Sendandi: Undirbúningsteymi – EXIT leið út úr afbrotum

Efni: Samstarfsvettvangurinn EXIT – leið út úr afbrotum

Markmið EXIT er að draga úr ítrekunartíðni brota með samhæfðum úrræðum og stuðningi við einstaklinga sem hafa framið afbrot.

EXIT er þverfaglegt samstarf milli lögreglu, fangelsisýfirvalda, sveitarfélaga, heilbrigðisstofnana, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, Vinnumálastofnunar, endurhæfingaraðila, menntastofnana og félagasamtaka. Verkefnið er leitt af ríkislögreglustjóra í samstarfi við Fangelsismálastofnun og helstu lykilaðila á þessu sviði.

Í EXIT felst þróun á eftirfarandi úrræðum: Húsnæðisstuðningur, sálfræði- og áfallameðferð, ráðgjöf vegna fíknar og geðheilbrigðis, atvinnu- og námsþjálfun, jafningjastuðningur.

Framkvæmd EXIT árið 2025 verður undirritun samstarfsyfirlýsingar í mars, þróun verkferla, leiðbeininga og bæklinga auk skipulag fræðslu.

Árangur EXIT verður mældur í lækkun ítrekunartíðni brota, fjölda þátttakenda í fræðslu, og mat á gagnsemi verkefnisins.

Helstu hindranir EXIT verða skortur á fjármagni og mannafla, óljós lagarammi um persónuvernd, mismunandi áherslur á refsingu og endurhæfingu.

Ávinningurinn af EXIT verður minni endurkomutíðni í fangelsi, lægri samfélagskostnaður, aukið öryggi og bætt félagsleg aðlögun.

Almennt

Afbrot hafa djúpstæð áhrif á einstaklinga, fjölskyldur þeirra og samfélagið í heild sinni. Endurkomur einstaklinga í fangelsi vegna ítrekunar afbrota sýna fram á nauðsyn þess að þróa árangursríkar leiðir til að styðja þá sem vilja komast út úr vítahring afbrota. Rannsóknir hafa sýnt að þyngri refsingar duga oft ekki til að draga úr ítrekunartíðni brota. Þvert á móti eru það einstaklingsbundin og samhæfð úrræði sem auka líkurnar á árangursríkri endurhæfingu, félagslegri aðlögun og lífsgæðum, sem að sama skapi stuðla að auknu öryggi í samfélaginu. EXIT verkefnið er svar við þessari áskorun, þar sem unnið er að nýstárlegri nálgun með þverfaglegri samvinnu og samþættingu þjónustu.

EXIT verkefnið – lýsing og markmið

EXIT – leið út úr afbrotum er verkefni sem miðar að því að draga úr ítrekunartíðni brota meðal einstaklinga sem hafa lokið afplánun. Verkefnið byggir á alþjóðlegum fyrirmyndum, m.a. frá Danmörku og Bretlandi, þar sem samþætt úrræði hafa reynst áhrifarík. Markmið verkefnisins er að skapa skilvirkt endurhæfingarkerfi sem mætir einstaklingsbundnum þörfum þeirra sem vilja hætta afbrotum, með áherslu á

Þverfaglegt samstarf lykilaðila, þar á meðal lögreglu, fangelsisýfirvalda, velferðarþjónustu sveitarfélaga, heilbrigðisstofnana, Vinnumálastofnunar, endurhæfingaraðila, háskóla og félagasamtaka.

Frumkvæði að verkefninu hefur komið frá ríkislögreglustjóra í samstarfi við Fangelsismálastofnun og hafa lykilsamstarfsaðilar í undirbúningi verkefnisins verið m.a. frá Afstöðu félagi fanga, Batahúsi, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Hjálpræðishernum, Háskóla Íslands, Landspítalanum, lögreglunni, Rauða krossinum, SÁÁ, velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Vernd, Vinnumálastofnun og Virk.

Samstarfið miðar að því að þróa áfram og innleiða meira samhæfð úrræði, þar á meðal húsnæðisstuðning, sálfræði- og áfallameðferð, ráðgjöf fyrir þá sem glíma við fíkn eða önnur geðræn vandamál, og atvinnu- og námsþjálfun til að efla atvinnumöguleika þeirra. Sérstök áhersla er lögð á að þróa einstaklingsmiðaða aðstoð og meðferð sem tekur mið af kyni, aldri og fyrri reynslu einstaklinga. Með þessu er stefnt að því að stuðla að betri félagslegri aðlögun og draga úr þeirri einangrun sem margir upplifa eftir afplánun.

Framkvæmd og mælikvarðar

Unnið hefur verið að því að koma verkefninu á fót árið 2024 með því að fá ólíka samstarfsaðila að borðinu. Næsti áfangi verkefnisins fer fram á árinu 2025 og hefur verkefnið verið styrkt af félagsmálaráðuneytinu. Undirrituð verður samstarfsyfirlýsing, framkvæmdateymi skipað formlega og í kjölfarið verða verkferlar þróaðir áfram, leiðbeiningar og bæklingur útbúnir, og fræðsla skipulögð. Frá miðju verkefnistímabilinu verður áhersla lögð á innleiðingu verkferlanna og mat á árangri þeirra. Árangur verður mældur út frá margvíslegum þáttum, þar á meðal undirritun samstarfsyfirlýsingar, skipan undirhópa einstakra verkþátta, útgáfu verklagsreglna og bæklinga um EXIT verkefnið mikilvægt skref í átt að betra samfélagi, þar sem viðbrögð við afbrotum byggja á virkri endurhæfingu og stuðningi við einstaklinga.

Hindranir og áskoranir

Verkefnið stendur frammi fyrir ýmsum áskorunum, svo sem skorti á mannafla og fjármagni, óljósum lagaramma um persónuvernd og samstarf, sem og mismunandi áherslum á fullnustu refsinga annars vegar og endurhæfingu hins vegar. Þrátt fyrir þetta er EXIT verkefnið mikilvægt skref í átt að betra samfélagi, þar sem viðbrögð við afbrotum byggja á virkri endurhæfingu og stuðningi við einstaklinga.

Ávinningur samfélagsins

EXIT verkefnið er grundvöllur fyrir aukna samþættingu úrræða sem leiða til lægri endurkomutíðni í fangelsi, minni samfélagskostnaðar og aukins öryggis fyrir almenning. Með því að veita einstaklingum raunhæfa leið út úr afbrotum stuðlar verkefnið að bættri velferð þeirra sem helst þurfa á stuðningi að halda og skapar grundvöll fyrir betri framtíð, bæði fyrir einstaklingana sjálfa og samfélagið í heild sinni.

